

1.bekkur íþróttir kennsluáætlun 2019-2020 fyrir áramót

Kennarar: Jónína Sigrún Björnsdóttir

1

Lýsing

Skólaíþróttir í sal.

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- * Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum,
- *Notað einföld hugtök sem tengjast íþróttum og líkamlegri áreynslu,
- *Þekkt heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugtaka og hreyfinga,
- *Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum, tekið þátt í hinum ýmsu leikjum og æfingum.
- *Tekið þátt í umræðum um ýmis samskiptaform, s.s. jákvæð samskiptaform eins og hvatningu og hrós, neikvæðum samskiptaformum eins og stríðni og einelti.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Notumst við þau áhöld sem eiga við hverju sinni, bolta, sippubönd, kistur, kubba, dýnur, trampolín, kaðla, badmintonspaða og fleira. Ýmislegt smádót.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Fjölbreyttar verkefnamíðaðar kennsluaðferðir. Innlögn frá kennara, umræður, sýnikennsla, einstaklings, para eða hópavinna og æfingar.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

GF íþróttir 1.-4.bekkur - Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Gert æfingar sem reyna á þol.
- Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.
- Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.

GF íþróttir 1.-4.bekkur - Félagslegir þættir

- Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.
- Skilið skipulagshugtök í skólaþróttum og farið eftir leikreglum.
- Tekið vel eftir fyrirmælum og unnið í samræmi við þau.

GF íþróttir 1.-4.bekkur - Heilsa og efling þekkingar

- Skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.
- Tekið þátt í útvist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs. Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu- og hjólaleiðir nærumhverfis.
- Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.

GF íþróttir 1.-4.bekkur - Öryggis og skipulagsreglur

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.